

greinum: Stærðfræði, siglingafræði, íslenzku, dönsku, ensku, siglingareglum og skipa- 95
gerð.

21. ágúst

Til þess að standast prófið þarf nemandinn að fá einkunnir sem hér segir:

Í stærðfræði, minnst 4 stig fyrir eina skriflega úrlausn.

Í siglingafræði, minnst 8 stig fyrir 2 skriflegar úrlausnir.

Í íslenzku, minnst 4 stig fyrir eina skriflega úrlausn.

Í siglingareglum, minnst 4 stig fyrir eina munnlega úrlausn.

Í meðaleinkunn, minnst 4 stig.

Farið skal eftir sama einkunnastiga og við burtfararpróf.

Þeir einir, sem standast þetta próf, verða færðir í 3. bekk farmannadeildar að hausti. Þegar sérstaklega stendur á, og kennurum ber saman um, að nemandi hafi næga kunnáttu í þessum námsgreinum, getur skólustjóri þó veitt honum undanþágu frá þessu prófi.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 5 14. marz 1955, um stýrimanna-skólann í Reykjavík og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur niður 1. gr. reglugerðar nr. 176 6. október 1960, um breytingu á reglugerð nr. 48 21. marz 1955.

Samgöngumálaráðuneytið, 21. ágúst 1961.

Gylfi P. Gíslason.

Brynjólfur Ingólfsson.

AUGLÝSING

96

23. ágúst

um breytingu á reglugerð fyrir Austur-Húnavatnssýslu um fjallskil og fleira
nr. 19 23. janúar 1961.

3. málsgrein 26. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Í upprekstrarfélögum Skaga-, Höfða-, Vindhælis- og Engihlíðarhreppa sé fyrri rétt mánudag og þriðjudag í 22. viku sumars. Síðari rétt sé þar sunnudag og mánudag í 23. viku sumars.

Reglugerðarbreyting þessi, sem sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna nr. 12 31. maí 1927, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 23. ágúst 1961.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.